

Erindisbréf

Skipulags og umhverfisnefnd Skútustaðahrepps.

Stjórnskipuleg staða.

Skipulags- og umhverfisnefnd heyrir beint undir sveitarstjórn Skútustaðahrepps. Sveitarstjóri er starfsmaður nefndarinnar.

Skipan, seturéttur á fundum og áheyrnaraðild.

Í nefndinni eiga sæti 5 fulltrúar kosnir af sveitarstjórn að afloknum kosningum skv ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr 45/1998. Sveitarstjórn kýs nefndinni formann og varaformann, hverjum aðalmanni er jafnframt kosinn varamaður.

Kjörtímabil nefndarinnar er hið sama og sveitarstjórnar. Auk kjörinna fulltrúa á sveitarstjóri rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétt. Þá er heimilt að kalla til á fundi nefndarinnar sérhvern þann er tengist málum sem fjallað er um hverju sinni.

Hlutverk og verksvið.

Meginhlutverk nefndarinnar er að móta stefnu í umhverfis-, skipulags- og samgöngumálum fyrir sveitarfélagið, auk þess skal nefndin fjalla um málefni veitna sveitarfélagsins. Með það fyrir augum hvað vænlegast sé byggðarlaginu til framdráttar, eflingu mannlífs og bættra búsetuskilyrða. Meðal verkefna nefndarinnar er:

- Gerð umhverfisstefnu fyrir sveitarfélagið, skal hún vera grundvöllur við gerð aðalskipulags og þeirra deiliskipulagstillagna er gerðar verða.
- Veitir umsögn um skipulagsuppdrætti fyrir sveitarfélagið .
- Fylgjast með framkvæmd laga er snerta umhverfis-, skipulags-, og samgöngumál.
- Afla tiltækra upplýsinga, m.a. í samstarfi við aðrar nefndir, um þau atriði sem mestu skipta varðandi þau mál er undir nefndina heyra.
- Veita umsögn/leggja fram tillögur um útgjaldaliði á sviði umhverfis og skipulagsmála fyrir lok október ár hvert.
- Veita umsögn/leggja fram tillögu að rekstraráætlun veitna fyrir október ár hvert.
- Vera sveitarstjórn til ráðgjafar um umsagnir á sviði umhverfismála vegna verklegra framkvæmda og vera í sambandi við fagstofnanir og fagnefndir á því sviði.

- Að móta stefnu varðandi sorphirðu og fráveitumál í sveitarfélaginu og hvetja á markvissan hátt til góðrar umgengni og fegrunar innan vébanda þess.
- Fjalla um önnur mál er sveitarstjórnin felur henni.

Starfshættir.

Um starfshætti er fjallað um nefndir í 4 kafla í Samþykktum um stjórn og fundasköp Skútustaðahrepps, skal ákvæðum kaflans fylgt eftir því sem við á.

Nefndin kemur saman á ákveðnum fundartíma sem er þriðji mánudagur í mánuði. Skal gerð samþykkt um þennan fundartíma á fyrsta fundi á fenginni tillögu sveitarstjóra. Boðað skal til aukafunda að ákvörðun formanns eða ef amk tveir nefndarmenn óska þess. Heimilt er að fella niður fundi að sumarlagi og á öðrum tímum að mati formanns. Nefndin getur auglýst fundi sína opna, en verður annars að samþykkja viðveru hvers þess, sem ekki á seturétt á fundinum.

Þá getur nefndin staðið fyrir kynningarfundum vegna starfa sinna eða þeirra verkefna sem til umfjöllunar eru, og skulu slíkir fundir öllum opnir.

Nefndarformaður stýrir fundum nefndarinnar.

Sveitarstjóri sér um að taka á móti erindum og málum sem leggja á fyrir nefndina. Hann útbýr í samráði við formann skriflegt eða rafrænt fundarboð þar sem tilgreindur er fundarstaður og tími og dagskrá í tölusettum liðum. Fundarboð skal sent öllum aðalmönnum (varamönnum í forföllum aðalmanna) og öðrum sem eiga seturétt á fundum nefndarinnar. Boðun funda skal vera með tryggilegum hætti svo öruggt sé að fundarboð hafi borist öllum í síðasta lagi sólarhring fyrir fund.

Starfsmaður nefndarinnar ritar fundargerð hvers fundar og er ábyrgur fyrir að hún sé lesin upp í lok hvers fundar og staðfest af viðstöddum fundarmönnum með undirskrift. Fundargerð skal greina númer fundar, skv talningu ákveðinni af sveitarstjórn, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann. Skrá skal mál sem tekin eru fyrir og þess sértaklega getið ef mál er tekið fyrir utan dagskrár fundarins. Lýsa skal erindum með meginefni þeirra, aðilum og dagsetningu bréfa.

Nefndin afgreiðir mál með samþykktum, ályktunum og ákvörðunum. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafi skipst.

Fundargerð má færa hvort heldur í gerðarbók eða rafrænt. Sveitarstjóri sér um að fundargerðin sé tekin á dagskrá næsta fundar sveitarstjórnar Skútustaðahrepps.

Ályktanir til sveitarstjórnar skulu ætíð sendar sveitarstjórn í sérstöku erindi sem starfsmaður nefndarinnar útbýr.

Fulltrúar nefndarinnar skulu fá hæfilega þóknun fyrir störf sína, skv nánari ákvörðun sveitarstjórnar.

Eftirfylgni.

Formaður nefndarinnar og sveitarstjóri hafa með höndum framkvæmd þeirrar stefnu sem mótuð hefur verið á hverjum tíma varðandi verkefni nefndarinnar.

Réttindi og skyldur nefndarmanna.

Um réttindi og skyldur nefndarmanna gilda ákvæði Sveitarstjórnarlaga og Samþykktar um stjórn og fundarsköp sveitarstjórnar Skútustaðahrepps eftir atvikum.

Nefndarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Nú forfallast aðalmaður um stundarsakir og skal hann þá boða tilnefndan varamann sinn og láta formann eða starfsmann nefndarinnar vita um forföllin með góðum fyrirvara. Flytjist aðalmaður burt úr sveitarfélaginu, falli hann frá eða forfallist varanlega á annan hátt tekur tilnefndur varamaður sæti hans þar til aðalmaður er kosinn að nýju og eftir atvikum annar varamaður.

Hver nefndarmaður á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skili hann efni þess til starfsmanns amk fjórum sólarhringum fyrir fund. Nefndarmenn skulu hafa hag sveitarfélagsins að leiðarljósi við störf sín, en eru ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni og lögum í atkvæðagreiðslum á vettvangi nefndarinnar. Þá skulu þeir í hvívetna virða Samþykktir um stjórn og fundarsköp sveitarstjórnar Skútustaðahrepps.

Nefndarmenn, starfsmaður nefndarinnar og aðrir sem fundi nefndarinnar sitja, eru bundnir þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um á fundum eða í öðru starfi sínu fyrir nefndina og ætla má að leynt eigi að fara samkvæmt eðli máls, lögum eða samþykkt 2/3 nefndarmanna, hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni.

Nefndarmaður skal víkja af fundi við umræður og atkvæðagreiðslur mála er varða hann sjálfan, skyldmenni hans eða nánustu venslamenn svo mjög að ætla má að að móti viljaafstöðu hans að einhverju leyti. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni áður en hann víkur af fundi. Nefndarmanni er skylt að vekja athygli á því er hæfi hans til meðferðar máls orkar tvímælis.

Lög og reglugerðir.

Í störfum sínum skal nefndin taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem snerta starfssvið hennar, sérstaklega þó lögum um mannvirki nr 160/2010 og skipulagslög nr 123/2010. Lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr 7/1998. Lög um verndun Laxár og Mývatns nr 97/2004. Lög um Vatnajökulsþjóðgarð nr 60/2007, Orkulög nr 58/1967, önnur þau lög er gilda kunna um þau málefni sem undir nefndina heyra.